

Sumars hópurum skrifstafit. þetta uppkast (krönnjós)

Uppkast að grundvelli kvennaframboðs.

(D) Knutni
Nidurstofu
sumarskrifts hóps

Hvert sem litið er blasir við valda- og áhrifaleysi kvenna í samféluginu. A albingi sitja 3 konur meðal 57 karla, fírikisstjórn er engin kona, konur eru 6% sveitastjórnarmanna, í miðstjórn ASÍ eru aðeins tvær konur og í stjórn VSÍ er engin kona. Þetta er staðreynd þráttr fyrir það að konur séu meiri hluti þjóðarinnar og um helmingur félaga í verkalyðshreyfingunni.

Konur vinna í yfirgnæfandi meiri hluta utan heimilis en bō náði aðeins um 3% ~~hjá~~ giftra kvenna meðaltekjum árið 1979. Þetta gefur til kynna að konur með börn eru illa staddir. Þær eru ekki fjárhagslega sjálfstæðar og fjárhagslega ósjálfstæð manneskja er ófrjáls manneskja. En hvernig getur þetta átt sér stað? Til þess liggja ýmsar ástæður en ein af þeim er sú, að konur fylla alla láglaunahópana hvort heldur sem það er innan ASÍ eða BSRB. Störf beirra eru minnst metin þráttr fyrir það að konur sinni andlegri og líkamlegri velferð barna og fullorðinna, komi ~~einstaklingum~~ daglegum á legg, annist sjúka og aldraða, sjái samféluginu fyrir ~~fæði~~ og klæði og vinni í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, fiskvinnslunni.. Þeirri andlegu og líkamlegu umönnun sem enginn getur verið án hafa konur sinnt um aldir.

Að hluta til hafa þessi störf færst frá heimilinu út í samfélagið en það sem mestur skiptir, uppfylling okkar daglegu barfa, hvílir enn á herðum kvenna og bætist ofan á vinnu beirra utan heimilis. Það eru störf kvenna inni á heimilunum sem gera það að verkum að hægt er að reka þetta bjóðfélag frá degi til dags, en þráttr fyrir það eru þessi störf ekki metin sem vinnuframlag til samfélagsins heldur sem einkamál hverrar og einnar konu.

Íslenskt samfélag hefur tekið stórstígum breytingum á undanförnum tveimur áratugum; ein hin stærsta er aukin atvinnubátttaka kvenna. Þessari breytingu hefur samfélagið ekki mætt nægileg með aukinni félagslegri þjónustu.

- Dagvistarþörf barna er ekki fullnægt og spyrja má hvort þær stofnanir sem fyrir eru geti sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað.
- Skóladagur barna er ekki samfelldur, þau fá ekki máltið í skólunum, þar hafa þau ekkert athvarf eftir skólatíma. Hver á að annast þau? Móðirin er ekki heima og því síður faðirinn. Það virðist sem skólakerfið miðist við löngu liðna tíð og

(2)

þjóðfélagsaðstæður sem ekki ríkja lengur. Þekki koma skóladagheimili til móts við þarfir barna nema að mjög takmörkuðu leyti, bar sem bau sinna ekki einu sinni þörfum barna einstæðra foreldra.

- Vinnudagur kvenna, karla og barna er allt of langur sem orsakast af of lágum launum, rangri nýtingu á tækninni, kolrangri stefnu í húsnæðismálum sem ríkt hefur í áratugi, neysluhyggju og eyðslu sem tröllríður bjóðféluginu. Mikil vinna kemur niður á fjölskyldulífi og öllum mannlegum samskiptum. Foreldrar geta ekki sinnt börnum sínum sem skyldi sem kemur m.a. fram í stórauknum félagslegum vandamálum barna og unglings.
- Börn eru ekki velkomin í þessu bjóðfélagi. Þau þarf að "geyma" og hafa ofan af fyrir þar til þau eru tilbúin til að skila sínu vinnuafli á vinnumarkaðnum. Þeim er sýnd lítilsvirðing þar sem þeim er ekki gert að axla neina ábyrgð og ekki ætlað neitt rými eða hlutverk í samfélaginu.
- Konum er ennþá ætlað að bera ábyrgð á uppeldi barna en þeim er jafnframt gert það illmögulegt vegna ytri aðstæðna. Þetta kvelur þær og vekur með þeim ~~þann~~ sektarkennd sem með réttu ætti að vera samfélagsins.

Og hvernig er svo skipulag þessarar borgar sem við búum í? Að bað sinn bátt í slæmri stöðu kvenna? Þróunin hefur orðið sú, að borgin skiptist í svefnhverfi annars vegar og atvinnuhverfi hins vegar. Langt er milli vinnustaðar og heimilis og töluverður tími fer í ferðalög enda umferðabungi einkabíla yfirgengilegur. Einkabíllinn hefur forgang í umferðinni hvort sem um er að ræða hraðbrautir eða íbúðarhverfi. Öryggi barna og gangandi fólks er ekki tryggt. Hvort á að hafa forgang barn eða bíll? Bílaumferðin tekur sinn toll í mannlífum á ári hverju og ~~er~~ nánast ~~hittil~~ lá það sem eðlilegan hlut.

Ibúðarhúsnæði er allt of einhæft og miðast svo til eingöngu við kjarnafjölskyldu meðan staðreyndin er sú, að heimilisgerðin hefur breyst. Það gefur engan kost á annars konar sambýli, miðast ekki við einhleypingu eða gamalt fólk. Skipulag hverfanna gerir ekki ráð fyrir samvinnu íbúanna. Meðan hvert borp út á landi hefur sitt félagsheimili hafa flest hverfi í Reykjavík engar félagsmiðstöðvar. Ibúar hverfanna hafa engin áhrif á stjórnun eða skipulag síns hverfis. Allir bræðir eru í höndum tiltölulega fámanns hóps karla inni í Borgartúni. I þessari borg er mannlífið sveigt undir þarfir bílsins, tækninnar, atvinnulífsins og framleiðslunnar í stað þess að betta á auðvitað að

vera þjónn í bágu betra mannlífs.

Pessu hefur ~~karlveldio~~ komið á og þessu viljum við breyta. Við viljum annars konar borg þar sem betra mannlíf brífst.

Karlmenn hafa farið með stjórn Reykjavíkurborgar lengur en elstu menn muna og hafa sýnt að þeim finnast þau mál sem heitast brenna á konum lítillar athygli verð. Þenn sem komið er eru þessi mál karlmönnum lítt skiljanleg þrátt fyrir að konur séu að kikna undan of miklu vinnuálagi, stöðugum hlaupum og sektarkennd.

Eins og málum er háttar í dag og meðan konur bera svo til einar ábyrgð á velferð fjölskyldunnar, geta þær ekki tekið þátt í pólitísku starfi sem á engan hátt tekur mið af aðstæðum beirra. Konur vilja hvorki né geta hlaupist undan þessari ábyrgð, en þær vilja gjarnan ~~þekkja henni óx með ókkunum~~ velta hluta hennar yfir á karla. Ábyrgðartilfinning gagnvart þeim sem lifa og hrærast í kriðgum okkur er frumforsenda þess að hægt sé að starfa að stjórnálum svo viti gegni.

Allir beir stjórnálaflokkar sem við þekkjum eru byggðir upp og þeim stjórnar af fámennum hópi karla sem ekki ~~þarf~~ að ~~þurðast~~ með búsorgir. Það eru konur sem gera þessum körlum kleyft að sinna pólitísku starfi. Málefni sem mestu varða konur og reynsluheimur kvenna á ekki upp á pallborðið innan stjórnálaflokkanna. Þessi málefni eru að vísu á stefnuskrám beirra, en þegar að framkvæmdum kemur eru þau jafnan neðst á lista. Eigi þetta að breytast verða konur að taka málín í sínar hendur. Það verður að vekja athygli á reynslu kvenna sem á mörgum sviðum er frábrugðin reynslu karla. Konur verða að fá aukin áhrif og völd og kvennaframboð er ein leið til þess. Það eitt að fá konur inn í borgarstjórn skiptir ekki sköpum, en það er skref í rétta átt.

Öll þau mál sem nefnd hafa verið hér að framan snerta auðvitað hag karla, en framhjá því verður ekki horft að þau brenna heitar á konum. Þenn sem komið er, er konum því best treystandi til að móta það pólitískra starf sem hefur það f.o.f. að markmiði að bæta aðstæður beirra. Hins vegar viljum við starfa með öllum sem taka vel undir hugmyndir ökkar.

Hvað viljum við gera?

Það sem hér fer á eftir eru grófar hugmyndir um það sem gera mætti í borgarmálum. Listi þessi er hvorki tæmandi né endanlegur, en hann gefur hugmynd um hvaða mál við teljum að eigi að hafa algeran forgang í borginni.

Í fyrsta lagi þarf að auka áhrif íbúa varðandi skipulagningu og framkvæmdir. Það mætti hugsa sér að íbúasamtök eða hverfissamtök verði með-ákværðandi um skipulag hverfa/borgarhluta og þjónustu borgarinnar við íbúa.

Tryggja þarf með laga- eða reglugerðarbreytingu þessi áhrif íbúanna.

Þá þarf að hafa að leiðarljósi að við framkvæmdir verði tekið mið af fyrir hverja framkvæmdirnar eru og þeir ætið hafðir með i ráðum.

Dagvistarmál.

Könnuð verði hin raunverulega dagvistarþörf í Reykjavík og henni verði fullnægt.

Fundnar verði ódýrari lausnir við byggingu dagheimila.

Aukin verði áhrif og ábyrgð ^{foreldra} /á innra starf dagvistarstofnana.

Reglur um dvalartíma barna á dagvistarstofnunum verði rýmkaðar.

Starfsfólki á dagvistarstofnunum verði fjölgað.

Sama gjald verði fyrir öll börn, óháð hjúskaparstöðu foreldra.

Niðurgreiðslu á dagvistun á einkaheimilum fyrir öll börn.

Skólamál, dagvistun skólabarna.

Unnið verði að því í samvinnu við foreldra að skólinn verði stofnun fyrir börn og standi þeim opin ^{allan} daginn. Skólinn sinni þannig ekki einungis fræðsluskyldu heldur gegni uppeldishlutverki gegnvart börnum.

Unnið verði að því að koma á samfelldum skóladegi og mötuneyti í skólum fyrir öll börn.

Húsnaðismál.

Reykjavíkurborg komi á fót og reki fasteignaleigumiðlun. Húsaleigunefnd verði tryggð starfsaðstaða. Byggðar verði sölu- og leiguíbúðir fyrir aldraða.

Byggt verði og eða keypt almennt leighúsnaði.

Samgöngumál.

Leiðarkerfi Strætisvagna Reykjavíkur verði endurskoðað og ferðum fjölgað. Í samráði við íbúa verði settir upp farartálmar í íbúðahverfum og hámarkshraði þar lækkaður. Fleiri götum í íbúðahverfum verði lokað algjörlega fyrir umferð bíla. Komið verði upp hjólabrautum og ljósum fyrir hjóreiðamenn.

Kjaramál.

Unnið verði að nýju starfsmati sem hafi það að leiðarljósi að ábyrgð við hin hefðbundnu kvennastörf verði ~~verði~~ metin að verðleikum.

REykjavíkurborg gangi á undan með góðu fordæmi og stytti vinnutíma borgarstarfsmanna í 35 klst. á viku. Foreldrar eigi rétt á launuðu leyfi vegna veikinda barna allt að 2 vikur á ári fyrir hvert barn.

Unglingamál.

Komið verði upp aðstöðu fyrir unglinga í hverfunum og þeir fái sjálfir að móta og bera ábyrgð á því starfi sem þar fer fram. Unglingum verði séð fyrir nytsönum verkefnum yfir sumartímann og greitt réttlátlega fyrir.

Komið verði upp neyðarathvarfi fyrir börn og unglinga þar sem þau geta leitað skjóls, ráðgjafar og stuðnings.

Neyðarathvarf fyrir konur.

Borgin komi upp athvarfi fyrir konur sem neyðast til að flýja heimili sín. Konunum verði þar, auk húsaskjóls, veitt ráðgjöf og stuðningur.